



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Reykjavík 27. febrúar 2013

Athugun á hvort líftryggingafélög uppfylla upplýsingaskyldu sína skv. 65. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga

Fjármálaeftirlitið framkvæmdi nýlega úttekt á því hvernig líftryggingafélög veita viðskiptamönnum sínum þær upplýsingar sem kveðið er á um í 65. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga. Í ákvæðinu er talið upp með ítarlegum hætti hvaða upplýsingar beri að veita áður en líftryggingasamningur er gerður og á meðan samningssamband varir.¹ Þær kröfur eru gerðar að upplýsingarnar séu veittar skriflega og á skýran og skiljanlegan máta.

Í svörum váttryggingafélaganna kom fram að upplýsingarnar komi ýmist fram í váttryggingaskilmálum, váttryggingarskírteini, kynningarbæklingum, á heimasíðu, við kynningu og markaðssetningu, tilboðsgerð o.s.frv.

Af framangreindum svörum og öðrum upplýsingum og gögnum sem bárust Fjármálaeftirlitinu kom í ljós að í sumum tilvikum skorti á að upplýsingarnar væru skriflegar. Þá var það jafnframt mat Fjármálaeftirlitsins að þegar nauðsynlegar upplýsingar eru á mörgum stöðum geti verið erfitt fyrir váttryggingartaka að fá heildaryfirsýn yfir réttindi sín og skyldur. Í slíkum tilvikum er vart unnt að segja að upplýsingar séu veittar á skýran og skiljanlegan máta.

Í framhaldinu veitti Fjármálaeftirlitið leiðbeiningar til líftryggingafélaganna um framsetningu upplýsinganna og mæltist til þess að félögin tækju saman yfirlit eða eyðublað, sem væri hluti af váttryggingartilboði viðkomandi félags, þar sem skýrt kæmi fram hvar upplýsingarnar er að finna.

Ekki er talið tilefni til útgáfu leiðbeinandi tilmæla um efnið að svo stöddu en Fjármálaeftirlitið mun fylgjast með upplýsingagjöf vegna líftrygginga og endurmeta afstöðu sína til útgáfu leiðbeinandi tilmæla ef tilefni verður til.

Gagnsæistilkynning þessi er birt með stoð í 9. gr. a laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

¹ <http://www.althingi.is/lagas/nuna/2004030.html>